

Kæri þingfulltrúi,

Ég heiti Þórey Edda Elísdóttir og er að bjóða mig fram í Framkvæmdastjórn ÍSÍ árin 2025-2029. Ég er verkfræðingur að mennt og starfa á byggingasviði hjá Verkís. Ég á þrjá stráka og erum við búsett í Skarðshlíðinni í Hafnarfirði.

Bakrunnur minn í íþróttahreyfingunni er úr fimleikum, frjálsíþróttum og nú síðastliðin ár hef ég lagt stund á blak.

Ég stundaði fimleika í 10 ár þar sem ég keppti með landsliði Íslands og síðan stangarstökk í 12 ár þar sem ég náði 5. sæti á Ólympíuleikunum í Apenu 2004. Að loknum mínum eigin íþróttaferli þjálfaði ég frjálsar í 12 ár og fimleika í 4 ár bæði á höfuðborgarsvæðinu og í litlu bæjarfélagi út á landi eða nánar tiltekið, fyrir Ungmennafélagið Kormák á Hvammstanga. Á búsetuárunum mínum á Hvammstanga sat ég meðal annars í stjórn USVH. Það var mjög dýrmætt fyrir mig að fá að kynnast grasrótastarfinu út á landi og taka þátt í flotta íþróttastarfinu þar. Eftir íþróttaferilinn minn starfaði ég sem verkefnastjóri landsliðsmála hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands í 3 ár og var það góð og mikilvæg reynsla. Ekki má gleyma móðurhlutverki mínu fyrir þrjá litla íþróttamenn, sem fara stækkandi, en það hlutverk er ekki síður mikilvæg viðbót í reynslubankann.

Ég hef verið samtals 8 ár í stjórn ÍSÍ og þar áður í varastjórn í 2 ár. Síðastliðin 4 ár hef ég fengið það hlutverk að vera 1. varaforseti ÍSÍ og hefur það verið mér mikill heiður. Þessi ár hef ég einnig setið í stjórn Afrekssjóðs, Íþróttanefndar ríkisins og í nýlegri stjórn Hvatasjóðsins. Ég hef tekið þátt í vali á Eldhuga ársins sem mér finnst gríðarlega mikilvæg og góð viðbót við viðburðinn við val á Íþróttamanni ársins. Sjálfbóðaliðinn er mikilvægasta afl hreyfingarinnar og okkur ber að þakka þeim fyrir sín óeigingjörnu störf. Án sjálfbóðaliða væri ekkert íþróttafólk.

Það hefur ótrúlega mikið áunnist í málefnum afreksíþróttasíðastliðin ár og vegna aukinna fjármuna til afreksmála eru þar mjög spennandi tímar framundan. Afreksmálin hafa verið mér hugleikin alla mína stjórnarsetu og á fyrri hluta hennar sat ég í stjórn afrekssviðs. Nú síðustu ár færðist ég í afrekssjóðinn og hefur mér þótt kakan sem þar hefur verið til skiptanna alltof lítil þótt umhverfið hafi samt sem áður verið gjörbreytt frá því ég fékk sjálf úthlutun úr afrekssjóði í gegnum Frjálsíþróttasamband Íslands á sínum tíma. Nú með kærkominni aukningu á fjármunum til afreksíþróttasíðastliðin ár verður vonandi stökkbreyting í umhverfi afreksmála. Að vera loksins viðstödd opnum Afreksmiðstöðvar Íslands fyrir í mánuðinum var því afar ánægjulegt en þar var stigið stórt skref í betra utanumhaldi um afreksíþróttafólkið okkar.

Uppbygging íþróttamannvirkja er eitt af áhugasviðum mínum. Undanfarið ár hef ég setið í stjórn Þjóðarhallar og áður var ég meðlimur í framkvæmdanefnd um Þjóðarhöll. Núna er hönnunarsamkeppni um Þjóðarhöll í fullum gangi og mun hún rísa innan fárra ára. Einnig sit ég í starfshópi um Þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum sem ég er bjartsýn á að verði hluti af áframhaldandi uppbyggingu Þjóðarleikvanga okkar Íslendinga. Ég kem að uppbyggingu smærri íþróttamannvirkja í gegnum starfið mitt sem verkfræðingur en mér finnst mikilvægt að þau íþróttamannvirki sem rísa séu sjálfbær og skapi jákvætt umhverfi fyrir notendur. Í mínum huga er íþróttamannvirkið hluti af ákvörðun íþróttafólksins um að halda áfram í íþróttum og stór þáttur í árangri þess. Það ber að hafa í huga að það er töluverð misskipting í landinu sem varðar aðgengi að íþróttamannvirkjum og þegar kemur að íþróttum þá hafa öll börn ekki sömu tækifæri. Ég mundi vilja sjá ríkið stíga þarna inn og veita aðstoð til smærri sveitarfélaga sem ekki hafa nægjanlegan burð til uppbyggingar.

Ég hef kynnst íþróttahæiminum frá mörgum sjónarhornum og hefur það reynst mér vel í stjórnarstörfunum fyrir ÍSÍ. Ég hef áhuga á að vinna áfram að málefnum íþróttasíðastliðin ár og yrði þakklát fyrir það traust sem þið mundið sýna mér með ykkar atkvæði.